

Umsögn um Atvinnustefnu Reykjanesbæjar

26. apríl 2024

Á dagskrá 50. fundar Sjálfbærni ráðs Reykjanesbæjar þann 26. apríl 2024 er umsögn ráðsins um drög að atvinnustefnu sveitarfélagsins. Fundarboð með drögum að stefnunni barst þann 23. apríl 2024.

Undirrituð, fulltrúi xB í Sjálfbærni ráði Reykjanesbæjar, hefur rýnt stefnuna og tekið saman eftirfarandi umsögn til bókunar sem fylgiskjal við fundarbókun 50. fundar þann 26. apríl.

Þrátt fyrir að mikil vinna hafi verið lögð í stefnuna hingað til er ljóst að mikil vinna er eftir óunnin, enda málaflokkurinn stór og gríðarlega mikilvægur. Í eftirfarandi umsögn er stiklað á stóru og er hún ekki tæmandi, þar sem fyrirvari til umsagnar var lítill. Undirrituð hvetur til þess aukinn tími sé gefinn til frekari athugasemda og umsagna og leggur jafnframt til að stefnumótuninni verði vísað aftur til atvinnu- og hafnarráðs til endurskoðunar og frekari vinnslu.

Sjálfbærnimál

Skýrar þarf að koma inn á sjálfbærnimál, hvort sem um ræðir samfélagslega, efnahagslega eða varðandi umhverfismál. Vinna þarf markvisst í samræmi við þau heimsmarkmið sem Reykjanesbær hefur valið að leggja áherslu á. Mikilvægt er að allar stefnur sveitarfélagsins taki mið af heimsmarkmiðunum og er innleiðing þeirra innan sveitarfélagsins hlutverk Sjálfbærni ráðs skv. erindisbréfi þess. Jafnframt kemur fram í erindisbréfi að Sjálfbærni ráð eigi að taka þátt í framtíðarstefnumótun Reykjanesbæjar á þeim sviðum sem snerta sjálfbæra þróun og eru atvinnumál ótvírætt einn af stærstu þáttum hennar.

Fyrirtækin

Hlutverk og aðgerðir Reykjanesbæjar til stuðnings við uppbyggingu og vöxt fyrirtækja eiga erindi í stefnunni. Svo er einnig um aðgerðir til að laða fyrirtæki til sveitarfélagsins og móttöku fyrirtækja sem áhuga hafa á að færa starfsemi til eða byggja hana upp í Reykjanesbæ.

Nýsköpun og frumkvöðlastarf

Mikilvægt er að í stefnunni sé ítarlega fjallað um hlutverk sveitarfélagsins í tengslum við nýsköpun og frumkvöðlastarf og aðgerðir tengdar málaflöknum.

Tækniþróun

Umfjöllun um tækniþróun og áhrif hennar á atvinnulíf í sveitarfélaginu er lítil sem engin. Ljóst er að tækniþróun hefur tekið stökk með fjórðu iðnbyltingunni. Eitt besta dæmi þess er tilkoma almenns aðgengis að gervigreind eftir að ChatGPT kom fram í nóvember 2022. Tækniþróun hefur nú þegar gríðarleg áhrif á atvinnulíf og vinnumarkað og munu hraði hennar og áhrif eingöngu aukast sífelld meira. Undirrituð hefur áður lagt fram [greinargerð um áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar á Reykjanesbæ](#) og hvatt til stefnumótunar í þeim málefnum og liggur beinast við að sú stefnumótun sé hluti af atvinnustefnu.

Greiningarvinna

SVÓT greining

Gerð var SVÓT greining og í henni koma fram ýmsir styrkleikar og tækifæri sem rætt er um í stefnunni. Sérstaklega eru tækifærin vel greind og góður grunnur lagður að mótun aðgerðatillagna í framhaldinu. Greiningu skortir á veikleikum og ógnunum. Jafnframt skortir umfjöllun um hvernig má helst nýta styrkleika, bæta má úr veikleikum, áhættugreining og viðbragsáætlanir vegna ógnana. Gagnlegt væri einnig að gera PESTLE greiningu til að tryggja að fram komi sem allra flestir af þeim þáttum sem áhrif geta haft og taka þarf fyrir í stefnunni. Sviðsmyndagreining væri einnig gagnleg.

Gögn

Ýmis gögn hafa legið til grundvallar greiningarvinnu fyrir stefnuna. Ekki síst býr Reykjanesbær að mikilvægum gögnum í Samfélagsgreiningu sveitarfélagsins. Þörf er þó á öflun og rýni frekari gagna til að fá heildstæðari mynd af málaflokknum. Sem dæmi má nefna:

- Alþjóðahagfræðiráðið (World Economic Forum, WEF): T.d. *Future of Jobs Report* sem fjallar um greiningu á framtíðarþróun starfa og þeirri hæfni sem nauðsynleg verður á vinnumarkaði framtíðarinnar. Þar má einnig finna mikið af öðru gagnlegu efni sem tengist atvinnumálum.
- Efnahags- og framfarastofnunin (OECD): T.d. *Future of Work* verkefnið þar sem fylgst er með náið með breytingu atvinnumarkaða vegna tækniþróunar, hnattvæðingar og öldrunar mannkyns. Þar eru ýmsar aðrar gagnlegar greiningar s.s. greiningar á áhrifum gervigreindar á vinnumarkað sem var meginþemað í skýrslu stofnunarinnar *OECD Employment Outlook 2023*.
- Evrópusambandið býr yfir ýmsum góðum gögnum. Þar er m.a. vefsvæðið *Digital Skills & Jobs Platform* sem ætlað er að hjálpa ríkjum sambandsins að uppfæra hæfni fólks á vinnumarkaði og sýnir glögg mikilvægi málaflokksins innan sambandsins.
- Norræna ráðið: T.d. *The Working Life of the Future* um framtíðarvinnumarkaði á Norðurlöndunum og hvað þarf að gera til að mæta breytingum og áskorunum.
- Íslensk stjórnvöld hafa gert ýmsar greiningar og skýrslur, s.s. Nýsköpunarstefnu, Grænbók um sjálfbært Ísland, skýrslu um fjórðu iðnbyltinguna og áhrif hennar hérlendis auk aðgerðaráætlunar í þeim málum.
- Gagnlegt kann einnig að vera að skoða gögn frá aðilum á borð við Samtök atvinnulífsins og undirsamtaka þeirra, auk Viðskiptaráðs Íslands.

- Norrænir aðilar á borð við Business Finland, Business Norway, Business Denmark og Business Sweden eru einnig líklegir til að geta veitt gagnlegar upplýsingar.

Frekari gögn tengd þessum málaflokki má einnig finna í greinargerðum undirritaðrar, [Hlutverk og verkefni Sjálfbærnisráðs Reykjanesbæjar](#) og [Reykjanesbær og fjórða iðnbyltingin](#), hvoru tveggja frá nóvember 2023.

Markmið og aðgerðir

Í núverandi drögum hafa ekki verið sett fram nein markmið né tillögur að því hvernig unnið eigi að þeim. Sú vinna er væntanlega eftir og kæmi þá fram í næstu drögum stefnunnar. Mikilvægt að stefnunni fylgi aðgerðaráætlun til að tryggja innleiðslu stefnunnar og leiðbeina um hana.

Dæmi um aðrar stefnur

Ávallt er gagnlegt að horfa til þeirra sem þegar hafa unnið sambærileg verkefni og læra bæði af mistökum þeirra og því sem vel gengur. Undirrituð skoðaði nokkur dæmi og deilir þeim hér ekki í þeim tilgangi að horfa til þeirra í stefnumálefnum sjálfum heldur hvað varðar vinnslu stefnumótunarinnar, efnistöð og framsetningu efnisins. Í þeim kunna að leynast gagnlegir hlutir sem hægt væri að nýta til að bæta enn frekar drög og í kjölfarið lokaútgáfu atvinnustefnu Reykjanesbæjar:

- [Atvinnu- og nýsköpunarstefna Reykjavíkurborgar 2022-2030, aðgerðaáætlun til 2 ára og sviðsmyndagreining](#)
- [Atvinnustefna Mosfellsbæjar 2023-2030](#)
- [Atvinnustefna Fljótshálsa 2008](#)
- [Atvinnustefna Akureyrar, 2014-2021](#)
- [Ísland 2020 - sókn fyrir atvinnulíf og samfélag. Þekking, sjálfbærni, velferð. Forsætisráðuneytið, janúar 2011](#)

Atvinnustefna fyrir sveitarfélagið er mikilvægt verkefni og vanda þarf til verka. Byggt á núverandi drögum leggur undirrituð til að stefnunni verði vísað aftur til atvinnu- og hafnarráðs til endurskoðunar og frekari vinnslu.

Virðingarfyllt,



Þórunn K. Jónsdóttir, fulltrúi xB í Sjálfbærnisráði Reykjanesbæjar